





6 mán. - 4 ára

LANETT



1 munstur = 16 Lykkjur

Byrjið hér



Sl. á réttunni, br. á röngunni

Sláið upp á

Pr.2 sl. Saman

Takið 1 L óprj. fram af, 1 sl., steypið óprj. L. yfir

Takið 1 L óprj. fram af, 2 sl., steypið óprj. L. yfir

Geymið skálmina og prjónið aðra eins. Sameinið skálmarnar á hringprjón nr. 2½. = (188) 196 L. á prjóninum. Látíð merkihr. sitthvoru megin við 2 miðjul. á fram- og bakstk. Prjónið slétt í hring, takið úr 1 L. sitthvoru megin við merkihr. í annarri hverri umf. Endurtakið úrtökum (5) 6 sinnum = (168) 172 L. á prjóninum. Prjónið þar til stk. mælist, mælt frá samskeytum (16) 18 sm.

Prjónið 2 L. sl., 2 L. sl. saman, endurtakið allan hringinn = (126) 129 L. á prjóninum. Prjónið 1 sm. slétt, gerið hnappa göt á miðju framstk., hafið 6 L. á milli hnappa-gatanna.

Hnappagat: fellið af 1 L., fitjið upp fyrir henni í næstu umf. Prjónið 1 sm. slétt. Prjónið 1 umf. gatamunstur, \*1 sl., 2 sl. saman, sláið upp á\* endurtakið frá \* til \* allan hringinn. Prjónið 2½ sm. slétt, mælt frá gataumf.

Fellið af með sl. L.

**Frágangur:** Brjótið innafleggið inn á rönguna og saumið niður, passið að sporan sjáist ekki. Lykkjíð skrefbótina saman og saumið munsturkantinn á skálmunum saman.

Prjónið band til að draga í mittið, fitjið upp 4 L. og prjónið slétt allar umf. þar til bandið mælist u.p.b. 60 sm. eða eins og passar. Dragið bandið í mittið og saumið dúska hvorn enda.

## Húfa

### Ummál á húfu:

U.p.b. (34) 37 sm.

Byrjið við andlitið.

### Garn:

Alpakka silke (u.p.b. 200m í dokku)

(1) 1

Fitjið upp (92) 98 L. á hringprjón nr. 2½, prjónið 23 umf. slétt fram og til baka = 11 garðar.

Prjónið 1 umf. slétt og aukið í þar til (99) 115 L. eru á prjóninum. Prjónið munstur samkv. munsturteikningu, hafið 1 kantl. á hvor-um enda, prjónið þá L. alltaf slétt. Prjónið munstur 1 sinni. Þegar munstri lýkur eru L. látnar á stuttan hringprjón nr. 2½. Prjónið slétt í hring þar til húfan mælist (18) 20 sm.

**Úrtaka:** prjónið 2 og 2 L. saman allan hringinn = (50) 58 L. á prjóninum. Prjónið 2 umf. sl. Prjónið gata umf. þannig: Fellið af \*2 L., 3 L. sl.\* endurtakið frá \* til \* í næstu umf. er fitjað upp fyrir L. sem felldar voru af = (50) 58 L. á prjóninum.

Prjónið garðaprjón í hring, þannig: prjónið 1 umf. sl., 1 umf. br. þar til komnir eru 8 garðar. Fellið af með sl. L.

**Frágangur:** Saumið saman brún í brún neðst á húfunni.

(garðaprjónið og munstrið)

Heklið með tveim þráðum af garni 30 sm. af Ll. Dragið bandið gegnum gataumf. á kollinum, festið dúska á hvorn enda.

### Teppi

### Mál á teppi:

U.p.b. 95x85 sm.

### Garn:

Babyull lanett (u.p.b. 175 m. í dokku)

Kremað 1012: 8 dokkur

### Prjónar / fylgihlutir:

Hringprjónn nr. 3

Heklunál nr. 3

### Prjónfesta:

27 L. slétt prjón á prjóna nr. 3 = 10 sm.

Fitjið upp 259 L. á hringprjón nr. 3,

Prjónið 1 umf. sl. á röngunni og síðan

**munstur** með skiptingu eins og synt er á skýringarmyndinni.

Munstur **A** er endurtekið alla lengdina án þess að prjóna annað á milli. Þegar búið er prjóna alla reitina er prjónuð 1 umf. sl. á röngunni yfir allar L. Fellið af.

### Kantur:

Heklið picota kringum teppið með heklunál nr. 3 þannig:

Byrjið í einu horninu, festið garnið með 1 kl. \*4 Ll., 1 fp. 1. Ll., hoppið yfir u.p.b. 3 L., 1 fp. í næstu L.\* endurtakið frá \*til\* allan hringinn.

### »Mynstur á næstu síðu



4

LANETT



5

LANETT

### "Þelamerkur" golla

## Stærðir:

(6) 9 mánaða (1) 2 (4) ára

## Mál á peysu:

Yfirvidd: (54) 58 (62) 64 (67) sm.

Sídd: u.p.b. (28) 30 (33) 37 (42) sm.

Ermalengd: (15) 18 (21) 24 (27) sm., eða eins og passar

## Garn:

Babyull lanett (u.p.b. 175 m. í dokku)

Ryðrautt 3427: (2) 3 (3) 4 (4) dokkur

Hvít 1012: (1) 1 (2) 2 (2) dokkur

## Prjónar / fylgihlutir:

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 2½ og 3

Merkihringir

(6) 6 (7) 7 (7) tölur

## Prjónfesta:

27 L. slétt prjón á prjóna nr. 3 = 10 sm.

## Kantlykkja alltaf prjónuð slétt

### Fram- og bakstykki:

Fitjið upp (153) 163 (173) 179 (187) L. með ryðrauðu á hringprjón nr. 2½. Prjónið (3) 3 (4) 4 (4) sm. brugðningu fram og til baka þannig: 1 kantl., 1 br., \*1 sl., 1 br.\* endurtakið frá \*til\* endið á 1 kantl., **gerið 1. hnappagatið** þegar búið er að prjóna 1½ sm., hægra megin fyrir stúlkur / vinstra megin fyrir drengi. **Hnappagat:** Fellið af 2 L. innanvið 3 L. frá brún, fitjið upp fyrir þeim í næstu umf.

Látið 6 L. á hvorum enda á prjónanælu eða band = listar sem eru prjónaðir í lokin.

Skiptið yfir á hringprjón nr. 3.

Fitjið upp 4 L. í lok umf. = uppkippil., þessar L. eru ekki með í munstri eða þegar gefinn er upp heildarlykkjufjöldi. Látið merkihr. í hvora hlið, hafið (34) 37 (39) 41 (43) L. í hvoru framstk. og (73) 77 (83) 85 (89) L. í bakstk.

Prjónið munstur **A**, byrjið á munstrinu þar sem örín bendir á viðeigandi stærð. Prjónið **"lús"** þar til stk. mælist (13) 15 (18) 22 (27) sm.

Prjónið munstur **B**.

Prjónið munstur **C** þar til stk. mælist (24) 26 (28) 32 (37) sm.

Fellið af (14) 16 (18) 20 (22) L. á miðju framstykki (meðtalar uppklippli- lykkjurnar) fyrir hásmál.

Prjónið munstur **C** fram og til baka, **jafnfram** er haldið áfram úrtöku við

hásmál í byrjun hverrar umf. (2,2,1,1,1)

2,2,2,1,1 (2,2,2,1,1) 2,2,2,1,1 (3,2,2,1,1) L.

Prjónið þar til stk. mælist u.p.b. (28) 30

(33) 37 (42) sm.

Fellið af (117) 123 (131) 135 (139) L. sem eftir eru.

**Ermar:** Fitjið upp (34) 36 (36) 38 (40) L. með ryðrauðu á sokkaprjóna nr. 2½, prjónið í hring (3) 3 (4) 4 (4) sm. brugðningu 1 sl., 1 br.

Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 3.

Prjónið 4 umf. slétt, **jafnfram** er aukið í, jafnað um umf. þar til (42) 44 (44) 46 (48) L. eru á prjónunum.

Látið merkihr. um fyrstu og síðustu L. í umf. Prjónið munstur **A**, teljið út frá miðju á ermi hvar byrjað er í munstrinu. Aukið í 1 L. sitthvoru megin við merkihr. Prjónið **"lús"** og endurtakið útaukningu með (2.) 2. (1½), 11½. (1½.) sm. millibili þar til (54) 58 (64) 70 (76) L. eru á prjónunum.

Prjónið þar til ermin mælist u.p.b. (12) 15 (18) 21 (24) sm., eða þegar vantar 3 sm. á passlega lengd.

Prjónið munstur **B**.

Snúið erminni á rönguna og prjónið 5 umf. slétt prjón fram og til baka fyrir innaflegg. Fellið af.

Prjónið hina ermina eins.


### Frágangur:

Saumið two þéttu sauma í saumvélinni í hliðunum sem samsvara breiddinni á ermi efst, saumið einnig upp með miðjul. í uppk. L. á miðju framstk.

Klippið upp á milli saumanna.

Saumið axlirnar saman.

Saumið ermarnar í og saumið innafleggið yrir uppkippisárið.



□ = Ryðrautt

■ = Hvít

## Listi á vinstra framstk. stúlkur/ hægra framstk. drengir:

Látið L. af hjálparprjóninum á hringprjón nr. 2½, **jafnfram** eru fitjaðar upp 5 L. með ryðrauðu næst framstk. fyrir innaflegg prjónð þessar L. **brugðið slétt prjón** = br. á réttunni, sl. á röngunni.

Prjónið áfram sl. og br. eins og gert var í byrjun yfir listal., prjónið þar til listinn er jafnlangur framstk. þegar teygð er létt á honum.

Fellið af L. 5 af innaflegginu, geymið hinar 6 á prjónanælu.

Prjónið hinn listann eins, gerið (6) 6 (7) 7 (7) hnappagöt. Neðsta hnappagatið er komið, það efsta kemur í háslíninguna sem prjónuð er í lokin jafnið hinum á milli. Saumið listana við framstykkini og leggið innafleggið inn á rönguna yfir uppkippisárið. Saumið niður og passið að sporin sjáist ekki

**Háslíning:** Takið L. af hjálparprjóninum, prjónið upp meðfram hásmálinu 1 L. af hverri L./umf. hoppið yfir 4. hverja L./umf. Notið hringprjón nr. 2½, og ryðrautt garn. Lykkjufjöldinn er u.p.b. (85) 87 (89) 93 (97) L.

Lykkjufjöldinn verður að vera deilanlegur með 2+1.

Prjónið 3 sm. brugðningu eins og á bolnum. Munið eftir síðasta hnappagatinu. Fellið af með sl. og br. L. Festið tölurnar á peysuna.

## Pokabuxur

### Stærðir:

(6) 9-12 mánaða (2) 4 ára

### Mál á buxum:

Vídd um rass: (53) 55 (58) 61 sm.

Skálmalengd: (15) 18 (21) 25 sm., eða eins og passar

### Garn:

Babyull lanett (u.p.b. 175m í dokku)

Ryðrautt 3427: (3) 3 (4) 5 dokkur

### Prjónar / fylgihlutir:

Hringprjónar og sokkaprjónafr nr. 2 og 2½

Merkihringir

2 sm. breið teygja í mittið

### Prjónfesta:

31 L. slétt prjón á prjóna nr. 2½ = 10 sm.

### Byrjið í mittinu:


Fitjið upp (138) 142 (148) 154 L. með ryðrauðu á hringprjón nr. 2, prjónið í hring 2 sm. slétt, 1 umf. br. fyrir brotkant.

### Öll frekari mál eru tekin frá brot-kanti.

Prjónið 2 sm. slétt, **í síðustu umf.** er aukið í (20) 24 (26) 28 L. jafnað um umf. = (158) 166 (174) 182 L. á prjóninum. Skiptið yfir á hringprjón nr. 2½.

Prjónið buxurnar hærri að aftan þannig: Látið merkihr. um 1 L. á miðju afturstk. og á miðju framst. = (78) 82 (86) 90 L. milli merkihr.


### Munstur B fyrir (2) 4 ára



□ = Ryðrautt

☒ = Hvít

### Munstur A fyrir (6) 9 - 12 mánaða




Sleppið úr fyrir 6 mán.

Sleppið úr fyrir 6 mán.

Sleppið úr fyrir 6 mán.

### Munstur B fyrir (2) 4 ára



Prjónð þar til stk. mælist (15) 16 (18) 19 sm. mælt frá brotkanti.

Aukið í 1 L. sitthvoru megin við merkihr. í annarri hverri umf. alls 10 sinnum = (204) 212 (220) 228 L. á prjóninum. Skiptið stk. í miðju á fram- og bakstk., prjónið hvora skálm fyrir sig.

**Skálm:** = (102) 106 (110) 114 L.

Látið merkihring um 2 L. innanvert á skálminni. Takið úr 1 L. sitthvoru megin við merkihr., prjónið 2 snúið slétt saman framan við merkihr., og 2 sl. saman þegar komið er framyfir merkihr. Endurtakið úrtöku í annarri hverri umf. 5 sinnum, síðan í 6. hverri umf. 3 sinnum. = (86) 90 (94) 98 L. á prjóninum.

Prjónið þar til skálmin mælist (13) 16 (19) 23 sm. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 2, prjónið 2 sl. saman allan hringinn = (43) 45 (47) 49 L. á prjónunum.

Prjónð 2 sm. slétt, 1 umf. br. fyrir brotkant, 2 sm. slétt. Fellið af, ekki of fast.

Prjónið hina skálmina eins.

**Frágangur:** Brjótið innafleggin inn á rönguna og saumið niður, passið að sporsin sjáist ekki. Skiljið eftir op fyrir teygjuna í mittinu. Dragið teygjuna í hólkinn.

## Vettingar

### Stærðir:

(6) 9-12 mánaða (2) 4 ára

### Garn:

Babyull lanett (u.p.b.175m í dokku)

Ryðrautt 3427: 1 dokka allar str.

Hvít 1012: 1 dokka allar str.

### Prjónar / fylgihlutir:

Sokkaprjónar nr. 2 og 2½

### Prjónfesta:

31 L. slétt prjón á prjóna nr. 2½ = 10 sm.

Fitjið upp (32) 40 (40) 44 L. með ryðraudu á sokkaprjóna nr. 2, prjónið í hring (4) 5 (6) 6 sm, brugðningu 1 sl., 1 br.

Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 2½.

Prjónið munstur A, byrjið þar sem örín bendir á viðeigandi stærð, **jafnframt** er aukið í fyrir þumaltungu eins og sýnt er á skýringarm. (í stærðum (6) og 9-12 mánaða er ekki gert ráð fyrir þumli).

Látið tungul. 9 á band, fitjið upp 9 L. undir þessum L. = (32) 40 (48) 52 L. á prjónunum.

Prjónið og takið úr í hliðunum eins og sýnt er á skýringarm. **Framan við** hliðarl. (prjónuð með hvítu) 2 sl. saman, **eftir**

hliðarl., takið 1 L. óprj. fram af, 1 sl., dragið óprj. L. yfir. Endurtakið úrtöku í hverri umf. þar til eftir eru 6 L. Klippið frá, dragið endann gegnum L. sem eftir eru og gangið vel frá endanum.

### Þumall str. (2) 4 ára:

Látið L. á sokkaprjóna nr. 2½, takið upp 11 L. fyrir neðan = 20 L. á prjóninum.

Látið merkihr. í hvora hlið.

Prjónið munstur B, takið úr í hvorri hlið eins og á vettlingnum.

### Vinstrihandar vettlingur:

Prjónið eins og hægri handarvettling, hafið þumalinn á gagnstærði hlið.

## Húfa

### Stærðir:

(6) 9-12 mánaða (2) 4 ára

### Garn:

Babyull lanett (u.p.b.175m í dokku)

Ryðrautt 3427: 1 dokka allar str.

Hvít 1012: 1 dokka allar str.

### Prjónar / fylgihlutir:

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 2 og 2½

### Prjónfesta:

31 L. slétt prjón á prjóna nr. 2½ = 10 sm. Fitjið upp (90) 100 (110) 120 L. með ryðraudu á hringprjón nr. 2.

Prjónið í hring 3 umf. brugðningu 1 sl., 1 br. Skiptið yfir á hringprjón nr. 2½, prjónið munstur A.


Prjónið 2 umf. sl., snúið stk. á rönguna og prjónið munstur B.

Prjónið munsur B þar til stk. mælist (13) 14 (15) 16 sm. ásamt munstri A með uppábroti, endið á heilu munstri.

Prjónið munstur C og takið úr eins og sýnt er á skýringarm. = (48) 52 (60) 64 L. á prjóninum.

Prjónið 2 sl. saman allan hringinn = (24) 26 (30) 32 L. á prjóninum.

Klippið frá og dragið endann gegnum L. sem eftir eru.



□ = Ryðrautt

■ = Hvít

\\ = 2 sl. saman

### Eyrnahlífar:

Fitjið upp 40 L. með ryðraudu á sokkaprjóna nr. 2½.

Prjónið í hring (15) 15 (19) 19 umf. slétt. Látið merkihr. um 1 L. í hvorri hlið, hafið 19 L. í hvorum hluta = hliðarl.

Takið úr þannig: Takið 1 L. óprj. fram af, 1 sl., dragið óprj. L. yfir, **eftir** hverja hliðarl. og 2 sl. saman **framan** við hverja hliðarl.

Endurtakið úrtöku í hverri umf. þar til 8 L. eru eftir á prjónunum.

Klippið frá og dragið endann gegnum L. sem eftir eru. Prjónið hina eyrnahlífina eins.

**Frágangur:** Festið eyrnahlífar á húfunu, hafið u.p.b. (9) 10 (11) 12 sm. á milli þeirra, mælt að aftan.

Tvinnið snúrur með tveim þráðum af ryðraudu garni, festið snúru á hvora eyrnahlíf. Búið til lítinn dús u.p.b. 4 sm. í þvermál og festið á kollinn.



6 MANDARIN PETIT

## Hekluð peysa

### Stærðir:

(0-3) 6 (9) 12 mánaða (2 ára)